



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1161
komudagur 12.3.2002

Dagsetning
22. febrúar 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 266, tillögu til þingsályktunar um samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Nefndin kanni sérstaklega áhrif þungaskatts á vöruverð, rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafi haft á þessa þætti.

Byggðastofnun telur mikilvægt að fram fari almenn könnun á rekstrar- og samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja, þróun vöruverðs og búsetuskilyrða almennt á landsbyggðinni samanborið við höfuðborgarsvæðið. Þetta er í samræmi við þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, en þar er m.a. lagt til að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar verði fram tillögur um breytingar ef þurfa þyki. Þá er þar einnig lagt til að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Markmiðið er m.a. að kanna áhrif flutningskotnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingargjalds og virðiaukaskatts.

Virðingarfyllt

Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs